

Nö.

348. Nefndarátt

um frumvarp til laga um útflutningsgjald af sild o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Útflutningsgjald af sild hefir á síðari árum verið mun hærra en á öðrum útflutningsvörum hjeðan. Orsökina er auðsæ. Veiðiu hefir stundum verið uppgripaveiði og arðsöm mjög, en annars vegar stunduð að miklu leyti af útlendingum, sem notað hafa landhelgi vora og kept við landsmenn. Hins vegar hefir sildar-

útvegurinn komið miklu losi á aðra atvinnuvegi, með því að draga fjölda fólks frá þeim að sumri og lama þá með því. Hefir fólk þetta stundum borið meira úr býlum á stuttum tíma en ella hefði verið, en stundum komið aftur nær tómhent til áttahaganna, og yfirleitt virðist sildaratvinnan hafa orðið því og dvalarhjeruðum þess til lítilla þrifa. Þjóðfelagshagnaður af síldveiðinni hefir þótt tvísynn, og hefir útvegurinn að nokkru galdið þess í háu útflutningsgjaldi síldar.

Þessu háa útflutningsgjaldi, sem að vísu var lögákveðið 1919, vill stjórnin nú halda, og getur fjárhagsnefnd fallist á, að svo verði að vera, eins og nefndin líka getur fallist á ákvæði stjórnarfrumvarpsins um útflutningsgjald af kjarnfóðri og áburði úr síld. En jafnframt telur nefndin sanngjarnlegt og sjálfsgott að veita innlendum mönnum nokkra ívilnun um útflutningsgjaldið af síld, þegar þeir skaðast á útveginum, svo sem farið hefir næstliðin ár.

Um svo mikla hagsmuni, eða tjón, er að tefla fyrir þá, sem lagt hafa tje í dýran veiðibúnað fyrir síld, að skylt og rjettmætt er að ívilna þeim að einhverju, þegar útvegur þeirra mishefnast. Þetta má verða með þeim hætti að endurgreiða útflytjendum meiri htuta útflutningsgjaldsins, þegar skaði verður á sölunni.

Nefndin telur þessa ívilnun fyrir innlenda síldveiðamenn því sjálfsgóðari sem kunnugt er, að aðrar þjóðir styðja þegna sína til samkeppni við Íslendinga um síldveiði, en á ívilnunina má líta eins og óbeinan stuðning ríkisins við innlenda menn í þeirri samkeppni, og er með honum að engu gengið á hlut útlendra manna.

Með tilliti til þess, hvernig nú horfir við um síldveiði á komanda sumri, telur nefndin einnig rjett að láta lögin ganga þegar í gildi.

Eftir framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.

Aftan við greinina bætist tvær málsgreinar, þannig:

Endurgreiða má hjerlendum ríkisborgurum $\frac{2}{8}$ útflutningsgjalds síldar, ef þeir sanna áður ár liður frá útskipun, með staðfestu vottorði lögskipaðs miðlara á sölustað síldarinnar, eða á annan hátt, að hún hafi selst undir kostnaðarverði.

Lögreglustjóri á útskipunarhöfn annast endurgreiðsluna, að fengnu samþykki stjórnarráðsins.

2. Við 10. gr.

Fyrir »Lög þessi 1. janúar 1922« komi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 16. apríl 1921.

M. J. Kristjánsson,
formaður.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari.

Sveinn Ólafsson,
framsin.

Póratinn Jónsson.

Þorl. Guðmundsson.

Hákon J. Kristófersson.

Jakob Möller.